



## Vitretext

### Vörunr. 8210

#### Lýsing

Vitretext (8210) er mött og vatnsþynnunleg akrýlmálning með frábært alkálí-, vatns- og veðrunarþol og hentar því íslenskum aðstæðum sérlega vel. Vitretext inniheldur hágæða 100 % hreint akrýlbíndiefni sem gefur málningunni afburða mikla mótstöðu gegn gulnun og krítun. Einnig myndar hún sveigjanlega filmu sem minnkar líkur á sprungumyndun. Vitretext andar og hindrar því ekki eðlilegt rakaústreymi frá fletinum. Einnig hreinsar hún sig sérlega vel og safnar ekki í sig óhreinindum. Vitretext er létt í vinnslu og þekur vel.

#### Notkun

Vitretext (8210) er ætluð á steinsteypu og múrhúð utanhúss bæði við ný- og endurmálun. Mælt er með vatnsfælum og Brynju (8820) á ómálaða fleti, áður en málað er með Vitretexti (8210). Með því er byggð upp vatnsvörn í sjálfri steypunni.

#### Tæknilegar upplýsingar

<b>Litir:</b> Staðallitir auk litakerfis	<b>Purrefni:</b> 40 % (rúmmál)
<b>Gljástig:</b> 5	<b>Þynnir:</b> Vatn
<b>Pakkningar:</b> 1, 4 og 10 lítra	<b>Áhaldahreinsir:</b> Vatn og sápa
<b>Efnisnotkun:</b> 8-10 m <sup>2</sup> /l	<b>Þurrktími:</b> 1-2 klst
<b>Eðlisþyngd:</b> 1,4 kg/l	<b>Yfirmálun:</b> Lágmark: 6-8 klst

#### Undirmálun

Vatnsverja skal ómálaða fleti með Mónósílan 40 eða Sílan 290. Brynja (8820) hefur reynst afar vel sem undirlag fyrir Vitretext (8210).

#### Áhöld

Pensill, rúlla eða málningarsprauta. Við sprautun er ágæt að þynna málninguna en að hámarki 20 %.

## **Vinnutilhögun**

### **Nýmálun**

Flöturinn skal vera hreinn, þurr, fastur viðkomu og a.m.k. mánaðar gamall. Fjarlægið fitu, olíu, sót og önnur óhreinindi með Málningarhreinsi (6208) og vatni. Ryk, mold og önnur óhreinindi skal fjarlægja með háþrýstipvotti. Duftsmitandi fleti og sementshúð (t.d. á flekasteyptum einingum) skal fjarlægja með kröftugum háþrýstipvotti. Mælt er með því að sílanbera nýjan og/eða ómálaðan múr og grunnmála með þynntri Brynju (8820). Að lokum eru málaðar 2 umferðir af **Vitretexi** (8210).

### **Endurmálun**

Fjarlægið sót og önnur óhreinindi af völdum mengunar með Málningarhreinsi (6208) og vatni. Ryk, mold og önnur óhreinindi skal fjarlægja með háþrýstipvotti. Duftsmitandi fleti skal hreinsa með kröftugum háþrýstipvotti. Lausa málningu skal fjarlægja með sköfu eða háþrýstipvotti. Grunnið í viðgerðir og blettið með Brynju (8820) eða þynntu **Vitretexi**. Að lokum eru málaðar 2 umferðir af **Vitretexi** (8210).

### **Athugasemdir**

- Á grófhraunaða og gljúpa fleti skal þynna **VitreteX** um 10 % í hverri umferð.
- Málið ekki fleti kaldari en 5°C, né heldur fleti sem sól skín beint á.
- Varasamt getur verið að mála með vatnspynnanlegri málningu utanhúss ef von er á næturfrostri.
- Þurrk- og yfirmálunartími lengist til muna ef mikill raki er í loftinu og ef hitastig er lágt.
- Varast skal að setja of mörg lög af málningu á steypu því það getur valdið uppsöfnun raka undir málningarfilmunni.

### **Varúðarmerkingar**

Við venjulega vinnu með **VitreteX** telst hættan á heilsutjóni vera lítil. Varist að anda inn sprautuúða. Komist efnið í snertingu við auga skal skola það strax með vatni í a.m.k. 10 mínútur.

Geymist þar sem börn ná ekki til.